



## Fundargerð

379. fundur í hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, haldinn miðvikudaginn 14. nóvember 2007, á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps kl. 17.00

### Fundinn sátu :

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Guðni J. Ólafsson, Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Bragi Geir Gunnarsson, Birna Benediktsdóttir og Ása Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir.

Oddviti setti fundinn og athugaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá, svo var ekki. Oddviti óskaði eftir afbrigði á dagskrá að við bætist 26.liður Lántaka vegna framkvæmda 2007 og var það samþykkt samhljóða. Gengið til boðaðrar dagskrár.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerðir nefnda.

- a) Fundargerð 1.fundar starfshóps vegna stofnunar dvalarheimilis aldraðra dags. 29.október 2007.Samþykkt samhljóða
- b) Fundargerð bygginganefndar mánudaginn 12.nóvember 2007. Fundargerð send í tölvupósti þriðjudaginn 13.nóvember 2007. Samþykkt með 4 atkvæðum, Bragi situr hjá.

#### 2. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2007.

Lögð er fram til samþykkis endurskoðuð fjárhagsáætlun vegna ársins 2007.


Oddviti fór yfir forsendur endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2007 :

- Gert er ráð fyrir hærri tekjum að fjárhæð kr. 33.000.000.- Hækkunin skiptist á tvo málaflokka : skatttekjur án Jöfnunarsjóðs kr. 3.000.000.- og framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga kr. 30.000.000.-
- Rekstrarkostnaður málaflokka hækkar sem hér segir :

Atvinnumál	kr. 1.200.000.-
Sameiginlegur kostnaður	kr. 3.400.000.-
Eignasjóður	kr. 3.000.000.-
<b>Alls</b>	<b>kr. 7.600.000.-</b>
- Rekstarkostnaður málaflokka lækkar sem hér segir :

Umferðar- og samgöngumál	kr. 1.500.000.-
<b>Alls</b>	<b>kr. 1.500.000.-</b>

Upphafleg fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir halla að fjárhæð kr. 17.048.000.- Með samþykktum breytingum verður niðurstaðan tekjuafgangur kr. 11.949.000.-

  
ETS



**Fjárfestingar og framkvæmdir :**

- KSÍ sparkvöllur kr. 8.000.000.-
- Flotbryggjur kr. 5.000.000.-
- Íþróttahús, þak kr. 3.000.000.-
- Alls kr. 16.000.000.-**

Í upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir að fjárfestingar og framkvæmdir yrðu kr. 12.000.000.- Í fyrirbyggjandi breytinga tillögu er gert ráð fyrir að bæta við KSÍ sparkvelli, en á móti verður tvískipt verkinu á þaki Íþróttahússins helmingur unninn árið 2007 og hinn 2008.

Auk ofangreindra breytinga eru helstu breytingar á efnahag innfærsla á eignarhlut Tálknafjarðarhrepps í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Eignarhluti 0,201%, fært á eignarhlut kr. 17.806.432.- og á langtímakröfur kr. 6.030.000.- að frádregnum afföllum kr. 1.311.559.-

Kaup Tálknafjarðarhrepps skv. hámarksrétti á stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga að fjárhæð kr. 31.405.905.- Eign á nafnverði kr. 30.059.818.-  
Nýtt lán að fjárhæð kr. 12.000.000.- vegna fjárfestinga á árinu.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007 borin upp til samþykktar með áorðnum breytingum.

Fjárhagsáætlun borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

**3. Álagning tekjustofna fyrir árið 2008.**

**Útsvar:**

Álagning ársins 13,03%

**Fasteignagjöld:**

- a. íbúðarhúsnæði 0,5% af faseignamati
- b. opinbert húsnæði 0,88% af fasteignamati
- c. atvinnuhúsnæði 1,65% af fasteignamati

Afsláttur til elli – og örorku-lífeyrisþega vegna álagningar fasteignagjalda ársins 2008: 0,5% af fasteignamati fellt niður.

Kannað verði fyrir næsta fund hvort sá möguleiki sé fyrir hendi að lóðarleiga verði framvegis reiknuð sem hlutfall af fasteignamati lóðar.

Samþykkt samhljóða.

**4. Tímaáætlun fyrir fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps 2008:**

Fyrri umræða 12. Desember, ákvörðun um seinni umræðu tekin á fundinum.  
Samþykkt samhljóða.

**5. Umsókn um hundaleyfi.**

Umsækjendur :



- Björn Theódórsson.  
Samþykkt samhljóða.
- 6. Umsókn um kattaleyfi.**  
Umsækjendur :
  - Guðlaug Björgvinsdóttir
  - Berglind Eva Björgvinsdóttir
  - Björgvin Smári Haraldsson
  - Helga Sigríður Valdemarsdóttir
  - Óskar AxelssonSamþykkt samhljóða.
- 7. Samstarfsverkefni um þjóðlendumál, bréf dags. 17.okt.2007.**
  - Boð um þátttöku. Oddvita falið að tilkynna þátttöku Tálknafjarðarhrepps í verkefninu. Samþykkt samhljóða.
- 8. Fjórðungssamband Vestfirðinga, bréf dags. 1.nóv.2007.**
  - Endurskoðun samgönguáætlunar Fjórðungssambandsins.Uppástungur komu um Eyrúnu og Braga, samþykkt með 3 atkvæðum að oddviti verði fulltrúi.  
Birna og Bragi sátu hjá.
- 9. Sjóvá bréf dags. 3.okt. 2007.**
  - Vátryggingar Tálknafjarðarhrepps. Ákveðið að leita tilboða hjá Sjóvá ,TM og VÍS vegna allra trygginga Tálknafjarðarhrepps, samþykkt samhljóða.
- 10. Bréf frá Reyni Bergsveinssyni dags. 16.okt. 2007**
  - Arðsemismat þverun Þorskafjarðar. Oddvita falið að svara erindinu. Samþykkt samhljóða.
- 11. Kvenfélagið Harpa, bréf dags. 18.okt. 2007**
  - Vísað til fjárhagsáætlunargerðar, samþykkt samhljóða.
- 12. Prókúruumboð fyrir launafulltrúa.**
  - Launafulltrúa Tálknafjarðarhrepps, Önnu Stefaníu Einarsdóttur, veitt prókúruheimild til millifærslu vegna greiðslu launa og launatengdra gjalda, gegnum heimabanka Sparisjóðsins. Samþykkt samhljóða.
- 13. Nefndir Tálknafjarðarhrepps.**

Yfirferð og skipan einstaklinga í nefndir, frestað frá fundi 10.okt. 2007.

Fjallskilanevnd: Hannes Kristjánsson verður aðalmaður, Bragi G. Gunnarsson verður varamaður.

Kjörnefnd: Gestrún Sveinsdóttir hættir og Kristjana Andrésdóttir kemur inn.

Atvinnumálanefnd: Björn Theódórsson kemur inn sem varamaður.

Bygginga-og umhverfisnefnd: Sigurvin Hreiðarsson kemur inn sem aðalmaður í stað Ólafs Gunnbjörnssonar, Guðmundur Sæmundsson verður varamaður.


Menningarráð Vestfjarða: Birna Benediktsdóttir verður varamaður í stað Ingólfs Kjartanssonar.
- 14. Olíuverzlun Íslands og Tálknafjarðarhreppur, 18.sept. 2007.**
  - Gögn lögð fram á fundinum. Samþykkt samhljóða.
- 15. Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra.**



Lagt fram :

16. Byggðastofnun bréf dags. 16.okt. 2007.  
Lagt fram til kynningar.
17. Skipulagsstofnun bréf dags. 8.nóv. 2007, listar yfir skipulagsfulltrúa.  
Lagt fram til kynningar
18. Veðurstofa Íslands bréf dags. 22.okt.2007, búnaður fyrir  
snjóflóðaeftirlitsmenn. Lagt fram til kynningar
19. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 6.nóv. 2007, verkfallslistar.  
Oddvita falið að svara erindinu.
20. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, bréf dags. 23.okt. 2007.
  - Fundargerð Heilbrigðisnefndar 19.okt. 2007.
  - Lagt fram til kynningar
21. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, bréf dags. 31.okt. 2007.
  - Listi yfir fyrirtæki sem fengið hafa eftirlit 2007.
  - Lagt fram til kynningar
22. Samband íslenskra sveitarfélaga.
  - Fundargerð 747.fundar dags. 19.okt. 2007
  - Lagt fram til kynningar
23. Dagur íslenskrar tungu, bréf dags. 15.okt. 2007.  
Lagt fram til kynningar
24. Landvernd.
  - Skólar á grænni grein, listi yfir þátttakendur lagður fram á fundinum.
  - Lagt fram til kynningar
25. KSÍ, opunarhátíð fyrir sparkvöll.  
Stefnt að opnun sem fyrst.
26. Lántaka vegna framkvæmda 2007.  
Hreppsnefnd veitir oddvita heimild til þess að sækja um lán í SPVF eða  
Lánasjóði sveitarfélaga ohf, að upphæð allt að kr. 12.000.000, vegna  
nýframkvæmda í sveitarfélaginu árið 2007. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekkifyrir tekið, fundi slitið kl. 19.30



Eyrún I. Sigbórsdóttir oddviti




Guðni Ólafsson



Birna Benediktsdóttir



Bragi G. Gunnarsson



Ása Jónsdóttir



Bjarnveig Guðbrandst.